

Mál nr. 166/2007

M og

Vátryggingafélagið V-1 v.A og

Vátryggingafélagið V-2 v B

Bifreið fékk stein í framrúðu þ.23.7. 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.8.2007 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.548/07
3. Lögregluskýrsla dags. 24.7.2007

Málsatvik.

Ökumaður B segir að grjót haf komið frá A sem er flutningabíll og skemmt framrúðu í B. Ökumaður B telur það hafið yfir nokkurn vafa að stein hafi skotist undan A með fyrrgreindum afleiðingum. Í umrætt sinn segir ökumaður B að hann hafi verið að aka Suðurláta í Reykjavík á eftir A þegar hann sá stein koma á fleygiferð og hafi steinninn lent í framrúðu B og hafi hann ekið á eftir A og rætt við ökumann sem hafi sýnt honum að enginn farmur var í bifreiðinni og segir ökumaður B að hann hafi ekki séð neitt grjót á eða við flutningabifreiðina. Ökumaður A segist ekki hafa verið með neinn farm í umrætt sinn og ekki fundið fyrir neinu grjóti milli hjóla bifreiðarinnar.

Álit.

Að virtum öllum gögnum hefur M ekki tekist að sanna að tjón á B sé af völdum A. M á því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr ábygrðartryggingu A.

Reykjavík 26.9. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.